

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 6 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 2 500.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 1 470.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 4 200.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 596 000.00

Hús 300—2000 m³ kr. 596 000.00 fyrir hverja 300 m³ og kr. 445.00 fyrir hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 1 338 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 372.00 fyrir hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 60 000.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1980. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231 26. maí 1977,
með síðari breytingum.

5. gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 51 240.00 á ári fyrir hvert hús.

b) Vatnsgjald kr. 216.00 á ári pr. m³. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum. Á gjöld þessi leggst sölu-skattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.